

Smitvarnir og öryggisráðstafanir vegna COVID-19

Bændur og frumframleiðendur

Nauðsynlegt er að gæta fyllsta hreinlætis, smitvarna og öryggis til þess að verja fólk sem starfar við landbúnaðarframleiðslu til að tryggja órofinn rekstur og til að takmarka mögulegt tjón.

Stjórnendur matvælafyrirtækja, þ.m.t. frumframleiðendur, eiga að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja að starfsfólk sem meðhöndlar matvæli sé heilbrigt. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur því sett saman eftirfarandi leiðbeiningar sem miða að því að lágmarka smithættu í frumframleiðslu landbúnaðarins. Rétt er að benda á að einnig er mikilvægt að fylgja ráðleggingum landlæknis og stjórnvalda um smitvarnir og aðrar viðeigandi öryggisráðstafanir.

Við vekjum athygli á liðnum spurt og svarað á síðu Matvælastofnunar, vegna COVID-19:
Sjá nánar: <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/covid-19-og-matvaeli>

Komi upp smit eða grunur um smit á starfsstöð skal fylgja leiðbeiningum landlæknis um veikindi á starfsstöð. Sjá nánar hér að neðan.

Gerðu viðbragðsáætlun fyrir þitt bú og búrekstur – *mikilvægt ef til afleysingarþjónustu kemur*
Sjá nánar: <https://www.rml.is/is/starfsemi/frettir/vidbrogd-i-landbunadi-vegna-covid19>

Ráð til þess að takmarka smithættu

Fyrir bændur og starfsmenn

- ✓ Fylgja leiðbeiningum landlæknis um handþvott. Mikilvægt er að þvo hendur áður en störf eru hafin, reglulega á meðan þau fara fram og eftir að þeim er lokið.
- ✓ Ef ekki er hægt að komast í handlaug til að þvo hendur er ráðlagt að nota handspritt í stað handþvottar.
- ✓ Til að auðvelda handþvott skal fjarlægja alla skartgripa af höndum.
- ✓ Til handþerrunar skal nota bréfpurrkur en ekki handklæði.
- ✓ Gott er að snerta ekki hurðarhúna nema með bréfpurrkum eða hönskum.
- ✓ Hanskar eru einnota og líta skal á alla hanska sem óhreina. Þegar farið er á milli verka skal skipta um hanska, séu þeir notaðir að staðaldri. Hendur skal hreinsa fyrir og eftir hanskanothkun.

- ✓ Almenn þrif eru nauðsynleg, tíð og regluleg þrif á öllum snertiflötum og á handlaugum.
- ✓ Setja upp skilti við inngang á húsum þar sem segir að óviðkomandi sé óheimill aðgangur.
- ✓ Mikilvægt er að huga að skiptingu starfsfólks á vinnusvæðum/vöktum þar sem það á við og eftir getu hvers fyrir sig.
- ✓ Ávallt skal halda að lágmarki 2 metra fjarlægð á milli allra aðila.
- ✓ Ekki fara í vinnufatnaði og skófatnaði sem notaður er í bústörfum eða á vinnslusvæðum á milli svæða og ekki inn á heimili viðkomandi.
- ✓ Á stærri vinnustöðum er mikilvægt að hugað sé að skipulagningu sem hefur það að markmiði að tryggja órofinn rekstur og takmarka hugsanlegt tjón. Mælt er með að starfsfólki hvernar vaktar eða deildar sé skipt í tvö teymi sem skarast ekki við aðrar vaktir. Ef fyrirtæki hafa tök á því getur verið gott að hafa 1-2 starfsmenn á bakvakt komi til þess að mikil fækkun verði á báðum vöktum.
- ✓ Mikilvægt er að tryggja að enginn samgangur sé á milli aðila innan ólíkra vakta og að sameiginleg rými og snertifletir séu sótthreinsuð milli vakta. Góð vinnuregla er að hver vakt endi á að þrifa/sótthreinsa og að hver vakt byrji á því sama.
- ✓ Takmarka samneyti við aðra í frítíma.

Nauðsynlegar heimsóknir utanaðkomandi

- ✓ Takmarka skal allar utanaðkomandi heimsóknir. Ef um er að ræða nauðsynlegar heimsóknir til þess að viðhalda framleiðslu, t.d. dýralækna, frjótækna eða dreifingaraðila, skal gæta fyllstu varúðar í samskiptum. Aðrir skulu ekki koma inn í hús eða á vinnslusvæði.
- ✓ Þegar heimsókn utanaðkomandi er óumflýjanleg skal aðstaða vera með þeim hætti að viðkomandi (dýralæknirinn, frjótæknirinn) þurfi ekki að hitta bændur eða annað starfsfólk búans. Gæta þarf að öryggi viðkomandi m.a. með því að dýr séu bundin í aðhaldi og skriflegar upplýsingar/leiðbeiningar liggi fyrir á augljósum stað.
- ✓ Utanaðkomandi skal setja upp hanska áður en gengið er inn í fjós eða gripahús. Þegar komið er þar inn skal spritta hanskana og nota þá á meðan heimsókn stendur. Að notkun lokinni skulu hanskanir fara í viðeigandi sorpílát með poka.

- ✓ Eftir heimsóknir þjónustuaðila skal þvo/sóttreinsa alla snertifleti. Sá sem sóttreinsar snertifletina skal hafa hanska á höndum og gæta að réttum handþvotti eftir að hanskar hafa verið fjarlægðir.
- ✓ Skóbúnaður/stígvél utanaðkomandi skulu vera hrein og sóttreinsuð áður en þau koma inn í fjós, önnur útihús eða vinnslusvæði. Þeir sem ferðast á milli bæja skulu sápuþvo skófatnað, láta þorna og þurrka síðan yfir með sóttreinsivökva.
- ✓ Þegar afhenda þarf tilbúnar afurðir eða dýr til slátrunar er mikilvægt að koma upp sérstöku afhendingarsvæði. Gætið þess að einungis einn sé á þessu afmarkaða svæði á hverjum tíma, þ.e. annað hvort afhendingaraðilinn eða sá sem er að sækja. Reynið eftir fremsta megni að aðstoða ekki við afhendinguna til að forðast allt samneyti.

Varúðarráðstafanir

- ✓ Huga að góðum og fullnægjandi frágangi á sorpi og úrgangi. Tryggja að sorp mengi hvorki aðra fleti, ílát né þann sem gengur frá sorpinu.
- ✓ Mikilvægt er að gera öryggisráðstafanir til að forðast frekari útbreiðslu smits á bæjum, komi til slíks. Gott er að setja saman kassa sem inniheldur helstu hreinlætisvörur þannig að hægt sé að byrja á að sóttreinsa snertifleti áður en hafist er handa við almenn störf. Slíkur kassi skal vera þannig staðsettur að aðgengi að honum sé auðvelt og hann blasi við afleysingamanni. Einnota hanskar, klútar, gott almennt hreinsiefni, handsápa, spritt og handspritt eru meðal nauðsynlegs búnaðar í slíkum kassa.
- ✓ Hagaðu daglegum störfum, þótt allir séu heilbrigðir og enginn grunur um smit, þannig að ítrustu hreinlætiskröfum sé fullnægt. Þetta er mikilvæg varúðarráðstöfun til að lágmarka magn mögulegra smitefna á búi eða starfsstöð komi upp veikindi.

Ráðunautar RML veita frekari ráðleggingar, ef óskað er, um framkvæmd smitvarna í síma 516-5000 eða í gegnum netfangið rml@rml.is.

Leiðbeiningar landlæknis við veikindi á starfsstöð

Leiðbeiningar fyrir framlínustarfsmenn:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarfsmenn%2018022020.pdf>

- Aðskiljið hinn veika frá öðrum viðskiptavinum/starfsmönnum.
- Miðið aðstæður og aðbúnað við einkenni hins veika. Hann má fara út í bíl og heim ef hann treystir sér til þess. Ef það er ekki mögulegt, þá útnefnið einn starfsmann sem sinnir hinum veika þar til hann fer af staðnum. Öðrum skal beint frá staðnum þar sem sá veiki er.
- Kallið eftir aðstoð frá heilbrigðisstofnun ef þörf er á (heilsugæsla/1700/112)
- Allir viðskiptavinir/gestir/starfsmenn sem hafa verið í nánnum samskiptum við hinn veika þennan dag þurfa að skrá sig með nafni, síma, netfangi og kennitölu ef hún er til. Starfsmaður sem sinnir hinum veika þarf að vera sérstaklega tilgreindur. Næsti yfirmaður þess starfsmanns eða hins veika ef hann er starfsmaður heldur listanum til haga fyrir heilbrigðisþjónustu/sóttvarnalækni. Ekki má gleyma starfsmönnum sem sinna þrifum eftir að sá veiki er farinn af vettvangi.
- Umönnun hins veika þar til viðbragðsaðilar taka við eða hann fer af staðnum:
 - Látið hinum veika í té andlitsgrímu ef slíkt er til og hann þolir að vera með hana. Ef gríma er ekki til eða hann þolir ekki að hafa hana fyrir vitunum þarf að sýna honum hvernig hann skuli bera bréfpurrku fyrir vitin þegar hann hóstar eða hnerrar. Slíkar þurrkur þarf að setja beint í plastpoka eftir notkun, í almennt sorp og hreinsa svo hendur.
 - Tryggið hinum veika aðgang að handspritti og bréfpurrkum. Best er ef hann fær sprittbrúsa sem hann einn hefur aðgang að. o Tryggið aðgang að sérsalerni fyrir hinn veika.
- Útnefndur starfsmaður liðsinnir hinum veika þar til viðbragðsaðilar taka við.
 - Starfsmaðurinn þarf að hafa eigin brúsa með handspritti.
 - Starfsmaðurinn heldur sig í >1 metra fjarlægð frá hinum veika eins og hægt er. Ef hann þarf að koma nær skal hreinsa hendur vel, nota einnota hanska ef þeir eru fáanlegir. Ef hósti/hnerri er mjög áberandi getur verið gagnlegt að nota andlitsgrímu á starfsmann líka en aðeins ef hann þarf að vera í miklu návígi við hinn veika.
 - Ef smitefni fer í umhverfið (líkamsveissar) er það þurrkað upp með einnota þurrku, sem fer í poka og þaðan í almennt sorp. Yfirborð er þrifið með heitu sápuvatni og síðan strokið yfir það með sótthreinsandi efni (sjá þrif hér að neðan).